

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 27. maí 2014, kl. 13-15.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Karl Frimannsson (varamaður Gunnars Gíslasonar) og Sólrún Harðardóttir.

1. Ráðstefnan Future teachers - A profession at crossroads

Farið var yfir þróun mála varðandi ráðstefnuna t.d. aðsókn sem hefur glæðst nokkuð síðustu daga. Þó væri gott að fá fleiri að utan frá Norðurlöndunum. Vinnustofur í góðum farvegi og seinna í dag verður fundur með þeim sem eru þar í forsvari. Rætt var um að áhugi væri fyrir fundum með fyrirlesurum innan menntamálaráðuneytis og HÍ, en Svanhildur hjá Kennarasambandinu viðraði þá hugmynd að haldinn yrði sameiginlegur umræðufundur. Á slíkum fundi gæti umræðuefnið verið samráð og hagsmunaaðilar (sbr. fagráðið). Uppúr þessu spratt umræða um að semja stuttan texta á ensku um fagráðið fyrir fyrirlesarana og jafnvel fyrir þátttakendur á ráðstefnunni almennt. Jón Torfi tók að sér. JTJ, SM og SMÓ þæla frekar í þessum mögulegu fundarhöldum. Fyrirlesarar eru meðvitaðir um hugsanlega fundi. Samþykkt var að halda niðri pappírslóði á ráðstefnunni og hafa upplýsingar að mestu rafrænar. Varðandi skráningu (documentation) var það rætt að fyrirlestrar yrðu teknir upp og settir á netið, ritarar yrðu á málstofum og á vinnustofum væru einnig skrásetjarar. Öllu þessu efni yrði komið á vef fagráðsins. Ekki yrði sent út beint. Mátulegt þótti að u.þ.b. 20 manns væru á hverri málstofu. Rætt var um að allir greiddu skráningargjöld en þeir sem ynnu við ráðstefnuna (forsvarsmenn vinnustofa, málstofustjórar og ritarar) fengju greiddar 25.000 kr. Sólrún og Sigurjón fara á fund Gestamóttöku í næstu viku til að ganga frá ýmsum praktískum atriðum, s.s. skráningum á vinnustofur, akstri, húsnæðisþörf og fleiru. Svanhildur ætlar að vera í sambandi við Aðalbjörn kynningarfulltrúa hjá KÍ og Kolbein hjá MVS varðandi PR mál. Æskilegt væri að tekin væru viðtöl við fyrirlesarana. Sigurjón var með tillögu um tvo ráðstefnustjóra sem var samþykkt og honum falið að vera í sambandi við viðkomandi. Eins var rætt um og samþykkt að fjölga í hópi þeirra sem eru í undirbúningi ráðstefnunnar og eins að málstofustjórar og ritarar kæmu úr fagráðinu sjálfu. Talað um að viðeigandi væri að fulltrúar úr áttunum fjórum yrðu með embætti á ráðstefnunni.

2. Niðurstöður fundar í fagráði 5. maí sl.

Rætt var um hversu mikilvæg orð ráðherra voru á fundi fagráðs. Skýrt er að við höfum fullt umboð til þess að vinna ötullega að málefnum fagráðsins. Við þurfum að bretta upp ermar. Fagráðið sjálft þyrfti að virkja enn betur og eins væri hægt að skilgreina afmörkuð ákveðin verk sem unnin væru af starfsmanni eða öðrum sérstaklega. Við þurfum að ræða betur starfsáætlunina og forgangsraða en sú umræða kláraðist ekki á fundinum, 5. maí.

3. Önnur mál.

Svanhildur sagði frá því að ákveðið væri að Aðalheiður kæmi inn í stýrihópinn í stað Bjargar. Eftir er að ganga frá þessu formlega.

Skýrsla um kortlagningu sjóða sem RHA tók að sér að gera er langt komin og er nú í yfirlestri. Við fáum hana í haust. Þá verða niðurstöður TALIS líklega einnig komnar.

Næsti fundur stýrihóps gæti orðið 13. eða 16. júní, en einnig var rætt að tölvupóstsamskipti gætu vel dugað.

Fundi slitið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari.